

Ed.

579. Breytingartillögur

við frv. til laga um greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna í verzlunum og skrifstofum o. fl.

Frá Páli Zóphóniassyni.

Á eftir 3. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:

- a. (4. gr.). Nú greiðir atvinnurekandi kaup að einhverju eða öllu leyti í húsnæði, fæði eða öðru en peningum, og skal þá ekki greiða verðlagsuppbót af þeim hluta kaupsins, er þannig er greitt.
- b. (5. gr.). Verðlagsuppbót eftir lögum þessum skal greiða á eftirlaun, er atvinnurekandi greiðir fyrirverandi starfsmönnum sínum, hvort sem hann greiðir þau beint eða þau eru greidd úr sérstökum sjóðum, er myndaðir eru við atvinnufyrirtækið.